

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILID 2022-2026 27.12.2022

Árið 2022, Föstudaginn 27. desember 2022 kl. 10:00, var haldinn 3. aukafundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Bragi Þór Thoroddsen, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Dagbjört Hjaltadóttir og Sigurdís Samúelsdóttir.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Varaoddviti spurði um athugasemdir við boðun fundar, en fundarboðun var án athugasemda, og bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Hækkun útsvarsprósentu um 0,22% fyrir Súðavíkurhrepp vegna aukningar í málaflokks fatlaðra og samsvarandi lækkun á tekjuskatti.
2. Framlenging þjónustusamnings milli Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps vegna breytinga á barnaverndarþjónustu.
3. Álagning tekjustofna og gjaldskrár.
4. Erindi vegna sláttar í Vatnsfirði tp. dags. 8.11.2022.
5. Byggðakvóti Súðavíkurhrepps fiskveiðiárið 2022/2023.

Afgreiðsla erinda:

1. Hækkun útsvarsprósentu um 0,22% fyrir Súðavíkurhrepp vegna aukningar í málaflokks fatlaðra og samsvarandi lækkun á tekjuskatti.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hækka útsvarsprósentu úr 14,52 % upp í 14,74% þannig að útsvar árið 2023 verði 14,74% með vísan til þess að tekjuskattur verði lækkaður um 0,22% á landsvísu vegna vanfjármögnunar málaflokks fatlaðra.
2. Framlenging þjónustusamnings milli Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps vegna breytinga á barnaverndarþjónustu.
Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samning ótímabundið þar til búið er að koma málefnum barnaverndar í það horf sem lagt er upp með í breyttu lagaumhverfi.
3. Álagning tekjustofna og gjaldskrár.
Sveitarstjórn samþykkir að leggja á óbreytta gjaldskrá frá 2022, en endurskoðun fari fram fyrir 1. mars 2023.
4. Erindi vegna sláttar í Vatnsfirði tp. dags. 8.11.2022.
Sveitarstjóra falið að semja við ábúendur í Vatnsfirði um að sinna slætti svæðisins við uppgröft og gera upp við þau vegna sláttar frá 2016 og 2018.

DA.

VS. SS B

5. Byggðakvóti Súðavíkurhrepps fiskveiðiárið 2022/2023.

Sveitarstjórn leggur til að farið verði yfir sérreglur til úthlutunar byggðakvóta ársins 2022/2023 á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:30

Bragi Þór Thorodsen

Bragi Þór Thorodsen

DAGBJ. HJALTAD.

Dagbjört Hjaltadóttir

Sigurdís Samúelsdóttir

Sigurdís Samúelsdóttir

Eiríkur Valgeir Scott

E. Valgeir Scott.

Jónas Ólafur Skúlason

Jónas Skúlason